

Alþingi
Erindi nr. P 135/2380
komudagur 28.4.2008

SFF
SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík 25. apríl 2008

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Nefndasvið
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn um frv. til l. um brt. á l. um tekjuskatt, nr 90/2003 (515. mál).

SFF hafa fengið til umsagnar framangreint frumvarp um breytingu á lögum um tekjuskatt. Samtökin vilja koma á framfæri athugasemdum við tvö atriði í frumvarpinu. Annars vegar 1. og 3. gr. frumvarpsins varðandi skattalega meðferð gengishagnaðar og gengistaps og hins vegar b. lið 5. gr. um breytingu á skatthlutfalli aðila með takmarkaða skattskyldu sem fær greiddan arð frá íslensku félagi.

Gengishagnaður og gengistap

SFF telja þær tillögur sem settar eru fram í 1. og 3. gr. frumvarpsins um skattalega meðferð gengishagnar og gengistaps að mörgu leyti af hinu góða. Tillagan sem nú er lögð fram er mjög í anda þeirrar reglu sem lögfest var með 1. gr. laga nr. 48/2006 og gildi fyrir tekjuárið 2006 en þá var heimilað að dreifa gengishagnaði ársins 2005 á þrjú rekstrarár. Samkvæmt gildistökuákvæði frumvarpsins nú er gert ráð fyrir að ákvæði 1. og 3. gr. öðlist gildi 1. janúar 2009 og komi til framkvæmda við álagningu 2010. Samkvæmt framansögðu verður í gildi heimild til að dreifa gengishagnaði tekjuársins 2005 og síðan aftur frá árinu 2009. Ekki verður fyrir hendi heimild til að dreifa gengishagnaði tekjuárunna 2006, 2007 og 2008.

Ekki verður með góðu móti séð hver rökin eru fyrir því að undanskilja þessi þrjú ár dreifingu gengishagnaðar. Leggja SFF því til að sett verði inn í frumvarpið sérstakt bráðabirgðaákvæði sem heimilar félögum að sækja um endurupptöku á gjaldaárunum 2007 – 2009 og gera þeim þannig kleift að nota nýju regluna sem sett er fram í frumvarpinu.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að gengistap og gengishagnaður skuli dreifast með jafnri fjárhæð á þrjú ár frá. Ekki er því gert ráð fyrir að skattgreiðandi hafi valfrelsi um dreifingu innan þessara þriggja ára. Upp getur því komið sú staða að greiða þurfi tekjuskatt af gengishagnaði þrátt fyrir að viðkomandi skattgreiðandi eigi inni gengistap. Hægt er að taka dæmi:

Gengishagnaður myndast hjá S árið 2009 að fjárhæð 900 sem samkvæmt frumvarpinu skal dreifast á þrjú ár þannig að á árinu 2009 er tekjufærður hagnaður að fjárhæð 300, á árinu 2010

300 og á árinu 2011 300. Svo vill hins vegar til að á árinu 2010 myndast gengistap hjá S að fjárhæð 600 sem dreifist á 3 ár þannig að til tekna það ár koma 200, árið 2011 200 og árið 2012 200. Á árunum 2010 og 2011 greiðir S skatt af 100 bæði árin þar sem S þarf að geyma 200 til ársins 2012. Ef S hefði hins vegar rétt til að velja þá hefði hann getað nýtt tapið fyrir til þess að komast hjá skattgreiðslum.

Samkvæmt þessu má huga að því hvort ekki sé rétt að heimila skattgreiðandanum rýmri rétt til að velja innan þessara þriggja ára.

Lækkun á skatthlutfalli aðila með takmarkaða skattskyldu

Í b. lið 5. gr. frumvarpsins er lögð til lækkun skatthlutfalls úr 15% í 10% á aðila með takmarkaða skattskyldu sem fær greiddan arð frá íslenskum félögum. Í athugasemdum með frumvarpinu segir að þetta sé gert til að skapa jafnræði á milli íslenskra og erlendra aðila á grundvelli EES-samningsins. SFF hafa áður lagt áherslu á mikilvægi þess að skapa slíkt jafnræði og fagna því þessu ákvæði frumvarpsins.

Eftir stendur hins vegar sú staðreynd að innheimt er staðgreiðsla af arðgreiðslum til þessara erlendu lögaðila sem samtökin hafa jafnframt bent á að sé óeðlilegt. Hafa þarf í huga að með gildistöku 4. gr. laga nr. 76/2007 var gerð sú breyting á 9. tölul. 31. gr. laga um tekjuskatt að lögaðilar, heimilisfastir í öðru EES-ríki, eiga rétt á að færa frádrátt á móti mótteknum arði frá íslenskum félögum og eru því í reynd skattfrjálsir af þessum tekjum. Í framkvæmd þurfa þessir erlendu aðilar hins vegar að sæta afdrátti, skila síðan íslensku skattframtali og sæta álagningu og fá þá loks endurgreitt. Allt þetta ferli getur tekið hátt í tvö ár og því fylgir umstang og kostnaður. Þar að auki hafa íslensk skattyfirvöld komist að þeirri niðurstöðu að ekki séu greiddir vextir á endurgreiddu fjárhæðina og telja að vafi leiki á um hvort greitt sé 2,5% álag á fjárhæðina.

Samkvæmt þessu er þess krafist að aðili, sem frá upphafi er ljóst að mun ekki þurfa að sæta álagningu skatts á arðgreiðslutekjur, er sviptur umráðum og ráðstöfunarrétti þeirra tekna og möguleika að ávaxta þær í langan tíma (hátt í tvö ár í sumum tilvikum). SFF telja eðlilegast að afnema staðgreiðsluskyldu á arðgreiðslutekjur erlendra aðila, sem eru í reynd skattfrjálsar á grunni tekjuskattslaga eins og fyrir kemur fram. Ef vilji er til að halda staðgreiðslunni áfram er að lágmarki nauðsynlegt að breyta lögum um tekjuskatt þannig að ljóst sé að greiddir verði eðlilegir vextir á þá fjárhæð sem kemur til endurgreiðslu samkvæmt framansögðu.

Virðingarfyllst,



Jóna Björk Guðnadóttir hdl.